

13. fundur ferðamálaráðs

25. ágúst 2016 kl. 12-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Þórey Vilhjálmisdóttir formaður, Páll Marvin Jónsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Jón Ásbergsson, Þórir Garðarsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála

Hugmyndir um úrbætur á stjórnkerfi ferðamála

Óskar Jósefsson nýr framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála kynnti sig fyrir hópnum. Hann útskýrði hvernig hann sæi fyrir sér framhald verkefnisins um endurskoðun stjórnkerfis ferðamála á Íslandi. Mikilvægt væri að fara yfir lagaumgjörðina samhliða því að skoða stjórnsýsluna. Stjórnstöðin muni stýra verkefninu áfram og ráða utanaðkomandi aðila til þess að vinna tillögur. Ákveðið var að ferðamálaráð myndi ekki skila inn formlegu álitum á þessu stigi málsins eins og ætluin var samkvæmt minnisblaði frá 14. mars 2016. Í staðinn gæfi það Stjórnstöðinni munnlega endurgjöf um hugmyndir Harðar Þórhallssonar fráfaraandi framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála um úrbætur á stjórnkerfinu, sem varpað var upp á skjá á fundinum. Fundarmenn voru sammála um að helstu áskoranir í núverandi stjórnkerfi væru eftirfarandi:

a. Ferðamálaráð

- Framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála kom fram með þá tillögu að í ljósi fjölda brýnna verkefna þá ætti ferðamálaráð að vera með kjarnahlutverk sem álitsgjafi, ekki eingöngu gagnvart ráðherra heldur einnig Stjórnstöð ferðamála. Ferðamálaráð er breiður vettvangur sem stendur nærri grasrótinni. Það gæti með umsögnum sínum gert ferli ákvarðanatöku um aðgerðir á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála skilvirkara.
- Formaður ráðsins kom fram með þá tillögu að ef ekki verður skerpt á hlutverki ferðamálaráðs ætti jafnvel að leggja ráðið niður.

b. Ferðamálastofa/Íslandsstofa

- Bent á að báðar stofnanir hafi unnið gott starf undanfarin ár. Íslandsstofa sannað gildi samstarfs við atvinnulífið og samlegðaráhrifa við aðrar útflutningsgreinar, sem er einnig þróunin erlendis, og Ferðamálastofa skerpt á sínum áherslum.
- Aðrir bentu á að betra væri að hafa verkefni á einni hendi en oft er ekki skýrt til hvorrar stofnunarinnar aðilar eigi að leita varðandi ýmis mál.
- Fundarmenn sammála um þörfina á því að skoða þetta betur. Efla þurfi tengslin milli stofnananna með einhverjum hætti og þá sérstaklega varðandi innlenda og erlenda markaðssetningu.

c. Skrifstofa viðskipta, nýsköpunar og ferðaþjónustu

- Huga þarf að því að það samræmist illa stjórnsýslulögum að leyfisveitingar heyri beint undir ráðuneytið.
- Tekið jákvætt í að málaflokkurinn verði betur afmarkaður og öðlist þannig talsmann.

d. Framkvæmdastjóður ferðamannastaða

- Endurskoðun vinnulags er mjög mikilvæg. Það vantar tengsl við ráðuneytið og Ferðamálastofu í stjórn sjóðsins, það þarf að tryggja framgang verkefna og betri nýtingu fjármuna og bæta faglega þekkingu og samræmingu varðandi framkvæmdir.
- Hlutverk framkvæmdasjóðsins er óljóst í sambandi við ný lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Ákveðið að halda næsta fund þegar niðurstöður kosninga liggja fyrir og ný ríkisstjórn hefur verið mynduð.

Fundi slitið kl. 13:20.